

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2013

2013/EES/72/17

frá 15. júlí 2013

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2013 frá 15. janúar 2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011, að því er varðar aðlögun í kjölfar endurskoðunar á alþjóðlegu menntunarflokkuninni í tengslum við breyturnar og sundurliðun sem leggja skal fram ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 7c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32013 R 0253:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 253/2013 frá 15. janúar 2013 (Stjtíð. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 253/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júlí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júlí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Dórir Ibsen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 79, 21.3.2013, bls. 5.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.